

M-19/2017. Álit 18. september 2017.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. september 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-19/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 28. mars 2017 bað X, fyrir hönd sonar síns, Z, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir farsímamann gallaðan og krefst úrbóta eða nýrrar afhendingar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 3. apríl 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 6. apríl 2017. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 14. september 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á farsíma af gerðinni Samsung Galaxy S6 þann 10. maí 2016 fyrir 88.020 krónur. Kveðst álitsbeiðandi hafa farið með farsímamann í viðgerð til seljanda eftir að bilun hafi komið upp í fingrafaraskanna farsímans. Bæði fram- og bakhlið farsímans er brotin eftir að sonur álitsbeiðanda missti hann í gólfið.

Að sögn álitsbeiðanda sagði seljandi að álitsbeiðandi yrði að greiða 38.000 krónur fyrir að skipta um brotna bak- og framhlið svo hægt sé að gera við fingrafaraskannan, þ.e. skipta út „heim“ takkanum, þar sem hliðarnar muni brotna meira við viðgerðina. Þá hafi seljandi fullýrt að farsíminn sé ekki lengur í ábyrgð vegna höggskemmda. Álitsbeiðandi segir að bilun í fingrafaraskanna hafi ekki komið við höggskemmdir heldur mun seinna. Krefst álitsbeiðandi þess fyrir kærunefndinni að viðgerð fari fram á síma sonar hans eða afhendingu á sambærilegum farsíma án kostnaðar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að farsíminn hafi farið í viðgerð á viðurkennt Samsung verkstæði en viðgerðarlýsing frá verkstæðinu var eftirfarandi:

„Skjár símans er brotinn og bakglerið er brotið. Ekki hægt að gera við home takka án þess að skipta um skjá og bakgler. Viðgerð á síma kostar 38.200kr“.

Þann 28. mars 2017 kveðst seljandi hafa haft samband við álitsbeiðanda og upplýst hann um niðurstöður viðgerðaraðilans og álitsbeiðandi hafi ætlað að hugsa málið. Degi síðar hafði álitsbeiðandi samband aftur að sögn seljanda og krafðist viðgerðar eða nýrrar afhendingar samkvæmt neytendakaupalögum. Seljandi segist hafa upplýst álitsbeiðanda um að farsíminn sé ekki í ábyrgð þegar um slíkar höggskemmdir sé að ræða.

Viðgerðarfulltrúi hjá seljanda hafði í kjölfarið samband við verkstæði til að sjá hvort mögulegt væri að gera við fingrafaraskanna án þess að skipta um skjá. Starfsmaður á

verkstæði hafi þá sagt að farsíminn sé „mölbrotinn og ekki er möguleiki á að laga fingrafaraskannann nema þá að núllstillta símann og þá tapast öll gögn.“ Þá hafi skjárinn verið að „detta inn og út“ og mælti viðgerðaraðili með því að gert yrði við farsímann þar sem hann væri illa farinn og skjárinn væri tæpur.

Seljandi kveðst hafa boðið álitssbeiðanda að láta laga fingrafaraskanna og farsíminn yrði núllstilltur og afhentur í sama standi til baka, þ.e. með brotinn skjá. Álitssbeiðandi hafi ekki viljað það. Seljandi kveðst tilbúinn að veita 20% afslátt af viðgerðinni til að koma til móts við viðskiptavin.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitssbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitssbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung Galaxy S6 hjá seljanda þann 10. maí 2016 fyrir 88.020 krónur. Í mars 2017 fór álitssbeiðandi með farsímamann í viðgerð vegna bilunar á fingrafaraskanna en seljandi kvaðst ekki geta gert við farsímamann án kostnaðar fyrir álitssbeiðanda þar sem bæði skjár og bakhlið farsímans væru brotin. Álitssbeiðandi hefur krafist úrbóta eða nýrrar afhendingar vegna galla á farsímanum en seljandi hefur hafnað því og boðið álitssbeiðanda þess í stað 20% afslátt af viðgerð á skjá og bakhlið farsímans auk fingrafaraskanna, en áætlaður kostnaður við viðgerðina er 38.000 krónur. Álitssbeiðandi hefur hafnað því.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu verður ekki séð að farsíminn eða fingrafaraskanni hafi verið haldin galla í skilningi laga um neytendakaup þegar álitssbeiðandi keypti hann. Í því sambandi verður að líta til þess að farsíminn var brotinn bæði á fram- og bakhlið vegna höggskemmda, en slík högg geta valdið margvíslegum annmörkum á virkni farsíma. Er ekki annað séð, eins og máli þessu er háttað, en að umræddur annmarki sé sök álitssbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varða í skilningi áðurnefndrar 1. mgr. 26. gr. Þá hefur álitssbeiðandi ekki samþykkt viðgerð á fingrafaraskanna, þar sem farsíminn yrði núllstilltur, og honum skilað í sama ástandi.

Verður því að hafna kröfum álitssbeiðanda.

VI

Álitssorð

Kröfum álitssbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson